



**Markaðsstofa Suðurlands**

## Fundargerð

8. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 4. febrúar 2019. Fundurinn var fjarfundur.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Páll Marvin Jónsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forfallaðir:

Pálmi Kristjánsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundinn sat einnig Eva Björk Harðardóttir, formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

### Dagskrá:

- Verkefnin sl. misseri
- Verkefnin framundan
- Önnur mál

Verkefnin sl. mán

#### Áfangastaðaáætlun DMP

Nokkrar kynningar fyrir sveitarfélögum voru á tímabilinu, fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Skaftárhrepp, Flóahrepp og Grímsnes- og Grafningshrepp. Hver kynning hefur verið aðlöguð að hverju sveitarfélagi og hafa skapast góðar umræður. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti óskaði eftir samantektinni á prenti til að senda á sveitarfélögin til að ítreka gildi þess að líta til þessarar vinnu við áætlanagerð og skipulag. Kynningarfundur var haldinn í Hveragerði um hinar ýmsu áætlanir og stefnur ríkisins sem framkvæmdastjóri og verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar sóttu. Þar voru m.a.

áfangastaðaáætlanir kynntar og í lok fundarins fengu DMP áætlanirnar mikið lof og þær sagðar vera eina þá bestu sem hið opinbera hefði ráðist í. Heimsmarkmiðin voru unnin með sömu aðferðafræði. Auk þessa var unnið að öðru sem tilheyrir verkefninu og samningi.

### **Ferðaleiðir og Jákvæð skilaboð um ferðaþjónustuna**

Verkefnin „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðaþjónustuna“ eru komin á góðan rekspól. Þó nokkur vinna hefur verið við eftirvinnslu myndbanda um „jákvæð skilaboð“ sem sparar okkur aðkeypta vinnu á mótí. Verða líklega sex myndbönd í stað þriggja. Þá hafa verið birtar greinar um jákvæð skilaboð, á okkar vefsíðu, FB og svo á að birta í héraðsmiðlum.

### **Fundur Stjórnstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu**

Stjórnstöð og Ferðamálastofa buðu stjórnnum SASS/MSS til fundar um DMO (e. Destination Management Organization) og mættu framkvæmdastjóri og nokkrir stjórnarmanna á hann. Stjórn telur mikilvægt að halda okkar línu og passa vel uppá samstöðuna í landshlutanum.

### **MAS samstarf**

- Dagný fundaði með Puríði á Reykjanesi vegna tillagna um fyrirkomulag DMO og er kominn ágætis grunnur að því hvernig markaðsstofur landshlutanna sjá fyrirkomulagið fyrir. Næsta skref er að fleiri innan MAS rýni þetta og vinni áfram.
- Tveir fundir forstöðumanna á tímabilinu, annar fyrir Mannamót og svo opinn fundur með stoðkerfinu fyrir Mid-Atlantic. Þá hittu Dagný og Björg nýjan formann stjórnar Markaðsstofu Norðurlands og framkvæmdastjóra hennar á óformlegum fundi. Björg setur saman póst til að óska eftir fundi forstöðumanna og stjórnarformanna síðar.
- Fulltrúar MAS (S, N og Vf) áttu fund með Ferðamálastjóra í síðustu viku. Fengum upplýsingar um hin ýmsu stafrænu verkefni sem þau eru þátttakendur í með einum eða öðrum hætti. Athyglisverð verkefni og almennt jákvæður fundur. Ræddum m.a. að gagnagrunnurinn væri að há framþróun landshlutavefjanna, Ferðamálastofa tók vel í að vinna að nýjum grunni. Munum gera þarfagreiningu fyrir okkar vefi á næstu misserum. Dagný, Ragnhildur og Fannar verða í vefhópi sem mun vinna þetta áfram.
- **Mannamót** fór mjög vel fram og almenn ánægja með viðburðinn. Met þátttaka var á viðburðinum eða 270 sýnendur, rúmlega 80 fyrirtæki frá Suðurlandi. Mikill tími fer í undirbúning á svona viðburði eins og skiljanlegt er. Almenn ánægja virtist vera með nýtt húsnæði svo því samstarfi verður líklega haldið áfram. Sendum könnun til þátttakenda, bæði sýnenda og gesta, og fínþússum atriði fyrir næsta viðburð. Bakhjarlar sýningarinnar voru Ernir og ISAVIA sem munar mikið um. Reiknað er með að kaupa meiri þjónustu við uppsetningu sýningarsvæðis næst. Mörg fyrirtæki sem eru í ýmis konar þjónustu við ferðaþjónustufyrirtæki sóttust hart eftir að fá að vera sýnendur, skoðað verður hvort áhugi sé fyrir þróun á viðburði í þá átt í könnun. Bjarni kemur með tillögu um að hvort hægt sé að auka sölu á Mannamótum, t.d. með fundabókunum. Dagný leggur til að þetta fari í könnunina og rætt í MAS.

### **SASS samstarf**

- **Viðbótar-samstarfssamningur** við SASS hefur ekki verið endanlega staðfestur en ekki von á breytingum.
- Verkefni SASS sem MSS er að sinna eru í ferli, s.s. invest south, markaðsmál, ráðgjöf og fleira. Menningarkort Suðurlands er komið út og var sent á öll heimili á Suðurlandi. Fréttir birtust í

héraðsmiðlum og búið að birta á vefsíðu okkar og SASS. Við kynntum kortið aðeins á Mannamóti og á Mid-Atlantic og fékk það góðar viðtökur.

- Tveggja daga ráðstefna var haldin í Hveragerði um **áætlanir ríkisins** og samþættingu þeirra, Dagný og Laufey sóttu hana fyrir okkar hönd. Vinnuhópar og fleira í kjölfarið. Athyglisverð ráðstefna og mjög upplýsandi, mikilvægt að svona sé gert reglulega. Áfangastaðaáætlanir m.a. ræddar og kynntar.
- Fengum tvö verkefni samþykkt sem **áhersluverkefni Sóknaráætlunar**, umhverfisvænar ferðaleiðir og samræmdur mynda- og textabanki. Framkvæmdastjóri hefur átt fund með aðila sem getur líklega tekið mynda- og textaverkefnið. Ferðaleiðir fara undir DMP verkefni og unnin samhliða.

### Markaðsmál

- Unnið er samkvæmt áætlun sem kynnt var á janúarfundi stjórnar. Vinna er hafin við vörumerkjahandbók MSS í samstarfi við VERT Markaðsstofu.
- Verið er að vinna í bættum gæðum vefsíðunnar með hjálp hugbúnaðarins Siteimprove og verkefnastjóri átt fund með þeim vegna þess. Einnig er verið að skoða mögulega uppfærslu allra landshlutasíðanna og gagnagrunns. Verið er að skoða samstarf með Íslandsstofu og Ferðamálastofu í þeim efnum.
- **Samfélagsmiðlaumsjón** er í höndum Sahara.
- Nokkrar stórar **blaðamannafyrirspurnir** hafa komið undanfarið og auk þess er verið að vinna stóra ferð frá með Íslandsstofu frá Þýskalandi.
- Ferðakaupstefnan **Mid-Atlantic** tókst vel en unnið var með faghópnum að vanda. Bókaðir fundir voru í kringum 50. Þeir gengu vel og tiltölulega fjölbreyttur hópur kaupenda. Heldur færri kaupendur og sýnendur voru í ár heldur en undanfarin ár. Þá var ekki næg þátttaka í ferðina sem MSS bauð upp á svo gestum var beint í aðrar Suðurlandsferðir.
- Fundað var með **Íslandsstofu um áherslur 2019**. Minna fjármagn en áður er í verkefninu Ísland allt árið. Áherslur dreifðar, en fram kom að mikilvægt sé að beina athygli að landshlutunum. MAS og fulltrúar Íslandsstofu funda nú orðið mánaðarlega til að miðla upplýsingum sín á milli, t.d. hafa myndabankamöguleikar verið til umræðu og að fyrirkomulag PR ferða komist í fastari skorður.

### Faghópur um ferðamál

Fundur faghóps var haldinn í janúar og sáu Flóahreppur og Árborg um undirbúning. Laufey kynnti stöðu áfangastaðaáætlunar og hugmyndir að áttavítum. Leitaði hún til hópsins um samstarf um þær hugmyndir og einnig við verkefni um ferðaleiðir. Þá kynntu fulltrúar það sem er efst á baugi á sínum svæðum. Í lok fundar var farið í stutta skoðunarferð um svæðið og nokkur fyrirtæki heimsótt.

### Aðildarfyrirtæki

Nokkur aðildarfyrirtæki bættust í hópinn í kringum Mannamót og nokkrir fundir með nýjum fyrirtækjum í framhaldinu.

### Flutningur

Undirbúa fyrir flutning á skrifstofu í innra rými á skrifstofu MSS, aðeins dregist þar sem það á eftir að mála rýmið.

Ýmsir fundir á tímabilinu, t.d. með einu Startup tourism verkefni.

### Verkefni framundan

- **Aðalfundur og árshátíð** MSS verður haldin 5. apríl n.k. Tilboð í gistingu og mat komið frá Stracta Hótel og byrjað að vinna í dagskrá. Kynning hefst mjög fljótlega.
- **MAS fundir og samstarfið.** Vinna að tillögu um DMO (e. Destination Management organization) og tengingu við stjórnkerfið. Verið að skoða dagsetningar og efni fyrir haustráðstefnu, eftirvinnslu Mannamóts og fleira.
- Fundir með **Íslandsstofu vegna áherslna** í komandi verkefnum.
- Nánari skoðun á hvaða **sýningar/vinnustofur erlendis** skuli taka þátt í á þessu ári m.a. útfrá fjárhagsáætlun og óvissuþáttum tengdri henni.
- **SASS samstarf** / verkefni halda áfram og líklega bætast einhver ný við.
- **DMP eftirfylgni** verður unnin áfram samkvæmt plani.
  - Einnig verður unnið áfram að sértækum verkefnum áfangastaðaáætlunar um **ferðaleiðir og jákvæð skilaboð.**
- Unnið verður áfram eftir **Markaðsáætlun MSS.**
- **Innra markaðsstarf** heldur áfram með framleiðslu og birtingu myndabanda. Einnig er byrjað að skipuleggja súpufundi sem fara fram í vor. Framkvæmdastjóri og formaður stefna á fundi með stærri fyrirtækjum sem eru með starfsemi á Suðurlandi. Unnið að umsóknum um styrki í fleiri verkefni.
- **Starfsmannamál / -stefna** er í skoðun auk öryggis- og geymslumála.

### Önnur mál

- Formaður stjórnar óskar eftir frestun á fundi 4. mars til 11. mars. Stjórn samþykkt og að hann verði haldinn í Fjölheimum Selfossi í staðinn fyrir boðaðan fjarfund.
- Formaður stjórnar leggur til að farið verði yfir starfsumhverfi starfsmanna MSS og framkvæmdastjóra. Hvernig má einfalda vinnu starfsmanna og framkvæmdastjóra? Vill að tveir stjórnarmenn fari á fund með framkvæmdastjóra á næstunni til að fara yfir þessi mál? Lagt er til að þetta verði liður á næsta stjórnarfund. Ákveðið að það verði svo.

Fundi slitið